

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 187/2012**

2012/EES/70/35

frá 28. september 2012

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/37/ESB frá 30. mars 2011 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 32e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32011 L 0037**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/37/ESB frá 30. mars 2011 (Stjtið. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/37/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.